



**Árþing Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar
á Norðurlandi eystra, SSNE
14.-15. apríl 2023
Skýrsla framkvæmdastjóra**

Þingforseti, kæru þingfulltrúar og aðrir gestir.

Það má með sanni segja að árið 2022 hafi verið ár uppbyggingar og breytinga hjá félaginu. Þetta var fyrsta ár samtakanna þar sem Covid-19 faraldurinn fór að gefa undan og var í vor árþing SSNE haldið í fyrsta skipti á staðfundi á Húsavík.

Í maí fóru fram sveitarstjórnarkosningar og komu því til starfa fjölmargir nýir sveitarstjórnarfulltrúar og samhliða því nýir sveitarstjórar í einhverjum tilfellum. Við sveitarstjórnarkosningar fækkaði sveitarfélögunum innan SSNE um tvö þegar Langesbyggð og Svalbarðshreppur annars vegar og Þingeyjarsveit og Skútustaðahreppur hins vegar sameinuðust. Þá var auðvitað ný stjórn SSNE skipuð í kjölfar sveitarstjórnarkosninga.

En það urðu fleiri breytingar hjá okkur á árinu. Eins og fram hefur komið urðu framkvæmdastjóraskipti á árinu þegar Eypór Björnsson hvarf til starfa hjá Norðurorku en ég tók við stjórn félagsins 15. júní sl. Þá urðu einnig breytingar á starfsmannahópnum, en Rebekka Kristín Garðarsdóttir verkefnastjóri hætti störfum hjá félaginu í ágúst, og Arna Björg Bjarnadóttir verkefnastjóri Brothættra byggða verkefnisins Glæðum Grímsey lauk störfum um áramót en þá lauk verkefninu. Það er viðeigandi að nýta þetta tækifæri og þakka þeim öllum vel unnin störf hjá félaginu og óska þeim velfarnaðar í nýjum störfum. Tveir starfsmenn voru ráðnir til starfa hjá félaginu á síðasta ári. Kristín Helga Schiöth kom til starfa í nóvember sem verkefnastjóri í áhersluverkefni Spretthópa umhverfismála og Dána Jóhannsdóttir var ráðin sem verkefnastjóri í stað Rebekku Kristínar í haust en hún kom til starfa í janúar á þessu ári.

Þá urðu einnig breytingar á húsnæðismálum félagsins en starfsemi SSNE á Húsavík flutti á Hafnarstétt 3, eða á Stéttina eins og samfélagið þar er kallað. Við erum ákaflega glöð að vera komin í það skapandi og drífandi samfélag sem þar er, en þar koma saman m.a. Þekkingarnet Þingeyinga, Hraðið, FabLab Húsavík, Náttúrustofa Norðurlands eystra, Háskóli Íslands og fleiri stofnanir, félög og einstaklingar. Ef þið eruð á Húsavík eða eigið leið þangað hvet ég ykkur eindregið til að heimsækja okkur á Stéttinni.

Þá lentum við í þónokkrum húsnæðisvandræðum á Akureyri á síðasta ári en það gaf sig tengi í vatnsvél á þriðju hæð húsnæðisins sem við erum í með tilheyrandi vatnsflóði og standa viðgerðir á húsnæðinu enn yfir.

Annars hefur þetta þriðja starfsár SSNE verið heilt yfir bæði gefandi og hvetjandi á margan hátt og er tilfinning okkar að jákvæðni sé ríkjandi á starfssvæðinu, þrátt fyrir hátt vaxtastig og verðbólgu.

Uppgangur er víða sem meðal annars má sjá í uppbyggingu íbúðarhúsnæðis víðsvegar á starfssvæðinu, sem og uppbyggingu og fjárfestingum í ýmsum atvinnugreinum – allt frá ferðaþjónustu til sjávarútvegs.

Það var stórviðburður þegar Hólasandslína 3 var spennusett á árinu, en aðgengi að orku er eitthvað sem skiptir miklu máli fyrir uppbyggingu samfélaga. Áframhaldandi uppbygging flutnings- og dreifinets raforku og aðgengi að grænni orku hefur líklega aldrei verið mikilvægari eins og fram kemur í Grænbók um orkumál sem kom út á árinu.

Starfsfólk og stjórn SSNE hafa verið að ná góðum takti saman á árinu og hefur vinna síðustu ára við samræmingu og innleiðingu ýmissa stefna og ferla verið að skila sér í skilvirkari vinnubrögðum og aukinni uppbyggingu verkefna.

Það tókst vel til með úthlutanir bæði úr Uppbyggingarsjóði og áhersluverkefnum Sóknaráætlunar og verður spennandi að fylgjast með þeim taka á sig mynd á árinu.

Umhverfismálin voru fyrirferðarmikil á árinu og var sérstakt ánægjuefni að ráða annan starfsmann í umhverfismál í áhersluverkefni umhverfismála – spretthópavinnu í tengslum við loftslagsmál, sem við höfum miklar væntingar til að muni skila sér í forystu landshlutans í þessum málaflokki. Þá hefur starfsfólk okkar í umhverfismálum unnið ötullega að hagkvæmnimati líforkuvers í Eyjafirði og fleiri verkefnum þeim tengdum, auk þess sem úrgangsmálin voru fyrirferðarmikil á síðasta ári. Í því samhengi má nefna að við erum í næsta mánuði að hefja samtal við orku-, umhverfis- og loftslagsráðuneytið um loftslagstengd áhersluverkefni í tengslum við sóknaráætlun.

Við hjá SSNE höfum verið að leggja æ meiri áherslu á stuðning við nýsköpun og má segja að verkefni tengd nýsköpun hafi blómstrað hjá okkur á árinu. Norðanáttin tók flugið á fjárfestahátíð á Siglufirði, stuðningsverkefni Matsjá og Ratsjá heppnuðust vel, menningin blómstraði og náði félagið sérstaklega góðum árangri í styrkjasókn úr Byggaáætlun svo fátt eitt sé nefnt. Fagráðin þrjú unnu sömuleiðis öflugt starf og verður spennandi að sjá hvernig aðkoma þeirra að starfsemi SSNE mun efla samtökin í framtíðinni. Allt um þessi verkefni og svo margt fleira má lesa um glóðvolgri ársskýrslu SSNE fyrir árið 2022, en einnig er rétt að minna á mánaðarlegt fréttabréf okkar sem má finna á [heimasíðu SSNE](#).

Annars má segja að allskyns samstarf hafi verið lykiltæma á síðasta ári og er auðvitað alltaf megináhersla í starfsemi SSNE. Þannig eru samtökin auðvitað vettvangur samstarfs sveitarfélaganna í landshlutanum og erum við því í stöðugu samtali við fulltrúa sveitarfélaganna og auðvitað hinna landshlutasamtakanna. En við erum einnig í samstarfi við fjölmarga aðra aðila í tengslum við ýmis fjölbreytt verkefni. Þannig störfum við til að mynda með SAMNOR sem er samstarfsvettvangur framhaldsskólanna á Norðurlandi eystra og erum aðili að EIMI og Norðanáttinni og fleira mætti nefna.

Í lok september var landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga á Akureyri, en dagana á undan þinginu tók SSNE á móti formönnum og framkvæmdastjórum hinna landshlutasamtakanna á

Húsavík. Samstarf landshlutasamtakanna, sem og Sambandsins, er nokkuð sem er starfseminni mjög dýrmætt og var því sérstaklega skemmtilegt að geta tekið á móti þeim hér og kynnt fyrir þeim ýmis verkefni á svæðinu, auk þess sem góður tími fór í samtali um sameiginleg verkefni og hagsmunamál. Þess má geta að við Katrín M. Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri SSNV höfum lagt nokkra vinnu í að auka samstarf milli félaganna og er stefnt að því að halda sameiginlegan starfsdag á næstu vikum, ásamt starfsmönnum Markaðsstofu Norðurlands, en eins og þið þekkið þá nær Markaðsstofan yfir starfssvæði bæði SSNV og SSNE.

Þá hefur samstarfið við þingmenn kjördæmisins og Austurbrú verið til mikillar fyrirmyndar, en haldnir voru nokkrir fundir á árinu þar sem stjórnir landshlutasamtakanna funduðu með þingmönnum kjördæmisins um hagsmunamál kjördæmisins. Þá var sérstaklega skemmtilegt að hafa tækifæri til þess að heimsækja austursvæðið á árinu, þar sem við heimsóttum fyrirtæki og sveitarstjórnina í Langanesbyggð, en ferðinni lauk svo á Raufarhöfn þar sem haldinn var starfsdagur.

Að lokum vil ég þakka starfsfólk SSNE fyrir sérstaklega vel unnin störf á árinu 2022 og fyrir góðar móttökur þegar ég kom til starfa. Það reynir alltaf á þegar skipt er um forystu og hefur eflaust reynt stundum á þolinmæðina. Starfsmannahópurinn er öflugur og hafa þau sýnt bæði dugnað og samheldni á árinu sem sannarlega er til fyrirmyndar. Það er mér heiður að fá að vinna bæði með ykkur fulltrúum sveitarfélaganna og svona flottum starfsmannahópi.